

BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA GREINIR FRÁ ÞÁTTTÖKU SAFNSINS Í ERASMUS-VERKEFNI

Svona varðveitum við menningararfinn

Byggðasafn Skagfirðinga fékk til sín góða gesti dagana 22. - 26. ágúst síðastliðinn. Um var að ræða síðasta fund þátttakenda í Evrópuverkefninu „Our Way Heritage Lives“ (OWHL), sem gæti útlagst á íslensku sem „Svona varðveitum við menningararfinn“. Sjö söfn og menningarstofnanir eru aðilar að verkefninu; Gamla Linköping Open-Air Museum og Ljusdalsbygðens museum í Svíþjóð, Sagalunds museum í Finnlandi, Haus Gutenberg í Liechtenstein, Highland Folk Museum og EBUKI/Earth Building UK & Ireland í Skotlandi og Byggðasafnið er þátttakandi fyrir hönd Fornverkaskólans.

Menningarstofnanirnar eiga það sameiginlegt að veita full-orðnum fræðslu um menningararf og búa hver um sig yfir mikilli reynsu á því sviði en deila sams konar áskorunum sem rekja má til smæðar stofnananna og landfræðilegrar staðsetningar. Verkefnið snýst um að deila reynsu og skiptast á hugmyndum um hvernig er að kljást við þessar sameiginlegu áskoranir.

Verkefnið fór af stað haustið 2019 og hófst með heimsókn til Liechtenstein þar sem heimsótt voru söfn og minjastaðir. Hópurinn fékk kynningu á því hvernig menningararfurinn er varðveittur – hvort sem það voru múnir, hús eða handverksþekking – og honum miðlað áfram. Það var áhugavert að sjá það sem var ólíkt og líkt með Íslandi og Liechtenstein. Bæði eru þetta smárikki með fátt fólk, við á eyju en þau umvafin öðrum þjóðum, mitt á milli Sviss og Austurríkis. Það fer mikið fyrir húsaarfinum og varðveislu hans í verkefninu, og þar ber mikið á milli en í Liechtenstein eru tignarlegir kastalar og reisuleg timburhús ólík torfhúsunum, kastólum okkar Íslendinga. Þegar heimsótt voru byggðasöfn sem miðluðu lifnaðarháttum til sveita bar meira á því sem sameiginlegt var á milli ríkja og margir kunnuglegir



Helgi kennir hópnum að rista torf (2)
MYNDIR: HING

gripir, t.d. strokkar, engjafötur, rokkar o.s.frv. Þar var einnig stundaður seljabúskapur líkt og hér á landi nema með kyr. Í verkefninu er lögð áhersla á verklega þætti og kennslu í handverki og réttum handbrögðum. Í Liechtenstein heimsóttum við verknámshús í framhaldsskóla og lærðum að smíða skordýrahótel. Full tilhlökkunar um að hittast í Finnlandi á ný sumarið 2020 kvaddi hópurinn Liechtenstein. Úr því varð þó ekki vegna heimsfaraldurs Covid-19. Haldnir voru mánaðarlegir fjarfundir allt frá upphafi verkefnisins og fljótlega varð

faraldurinn meginstef netfundanna, líkt og annars staðar. Þátttakendur ræddu ástandið í hverju landi fyrir sig, einnig samkomutakmarkanir og sóttvarnaráðstafanir sem voru afar ólíkar á milli landa. Einnig viðbrögð safnanna við þessum framanandi aðstæðum og áskorunum. Haldnar voru kynningar um hvernig söfnin héldu uppi starfsemi og miðluðu m.a. með stafrænni tækni, einkum í gegnum samfélagsmiðla. Þar sem áhersla var lögð á það í verkefninu að vinna í höndunum var Byggðasafnið með fræðslu fyrir hina þátttakendurna um uppruna öskudagsins

og kennslu í öskupokasaumi. Highland Folk Museum var með kynningu á skoskum sigaunum og sýndu hvernig á að búa til trjágreinum og kreppappír svo dæmi sé tekið. Þessir mánaðarlegu fundir reyndust söfnunum mikill stuðningur á þessum erfiðu tímum.

Stafræn leiðsögn

Faraldurinn dróst á langinn en verkefninu var ekki veittur framlengdur frestur. Þá voru góð ráð dýr og heimsóknirnar til Finnlands og Skotlands urðu að netrúðstefnum. Í Finnlandi

fengum við kynningu á Sagalund safninu í suðurhluta Finnlands. Í gegnum netið fórum við í siglingu á skútu og fengum kynningu á því hvernig aðstoð sjálfboðaliða. Fylgdumst með fundir reyndust söfnunum mikill stuðningur á þessum erfiðu tímum.

Einnig fengum við að sjá hvernig hefðbundin málning sem notuð er víða í Finnlandi, Svíþjóð og Noregi er blönduð um leið og við fengum kynningu á sögu hennar. Hún er rauð á lit, svokölluð Falu rauð,

og hún er endingargóð og ódýr í framleiðslu.

Í Skotlandi fengum við kynningu á starfsemi EBUKI samtakanna og aðila að þeim. Við fengum kynningu á starfsemi The Shieling Project (Selja verkefnið) sem tekur á móti ungmennum og kennir þeim hvernig hægt er að læra sjálfbærni af fortíðinni, einkum út frá lifnaðarháttum við seljabúskap. Verkefnið snýst mikið til um útivist – allt frá því að annast búfénað til þess að reisa byggingar, vefa körfur, gróðursetja, smala og heyskap svo dæmi sé tekið. Einnig fengum við kynningu á byggingu Creel torfhússins í Glencoe, starfsemi Auchindrain Museum og Highland Folk Museum. Á Highland Folk Museum hefur safnið unnið stafræna leiðsögn um safnið og fékk hópurinn kynningu á undirbúningi og vinnslu þess. Það var gaman að sjá að hjá öllum þessum flottu söfnum og verkefnum voru

frýrrum nemendur Fornverkaskólans sem höfðu sótt torfhleðslunámskeið á Tyrfringsstöðum á Kjálka.

Svjar sóttir heim

Í maí á þessu ári gat hópurinn loksins hist í persónu og var stefnan tekin til Svíþjóðar að heimsækja Gamla Linköping Open Air Museum og Ljusdalsbygðens Museum. Heimsóknin var tvískipt og með í för voru starfsmenn Byggðasafnsins, Helgi Sigurðsson hjá Fornverki og kennari hjá Fornverkaskólanum og Kristín Sigurrós Einarsdóttir, skjalavörður hjá Héraðsskjalasafni Skagfirðinga. Í Linköping fegnunum við kynningu á starfsemi safnsins og umgjörðinni sem er samansafn eldri húsa úr Linköping og myndar gamlan bæ, ekki ólíkt því sem maður sér fyrir sér hjá Emil í Kattholti. Safnið leggur mikið upp úr metnaðarfullri sumar- og jóladagskrá þar sem safngesturinn fer aftur í tímann. Mikið sjálfboðastarf er

unnið á safninu, til dæmis þar sem heldri konur bjóða upp á hefðbundið sænskt *fika*, gæðastund þar sem notið er kaffisopans með sjö sortum af kökum í góðum félagsskap. Við fengum kynningu á starfsemi gamalla prentsmiðja, fengum að spreyta okkur í að gera kaðla, miðsumarsblómkransa, eldsmiði, þjóðdönsum og girðingagerð. Heimsóttum m.a. flughersafnið og fengum kynningu á listaverkum í almannarými svo dæmi sé tekið.

Að loknum fjórum dásamlegum vordögum í Suður Svíþjóð var haldið norður á bóginn til Fägelnsjö Gammalgård Bortom Åa, búgarðs sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Þessi 18. aldar hús þykja einstök vegna listilega skreyttra veggja húsanna og er magnað að heimsækja þennan stað sem var í eigu sömu fjölskyldunnar í sjö kynslóðir. Einnig fengum við að skoða kóbalt námu í Loos sem var í notkun frá 1733 til 1773, velgengi hennar mátti rekja til vinsælda kóbaltbláa litarins á þessum tíma sem var til dæmis notaður í gler. Frumefnið nikkel var uppgötvuð í tengslum við námuvinnslu á þessum stað árið 1751. Náman var tæmd af vatnið árið 1989 og hefur verið til sýnis síðan. Það var magnað að koma þangað niður og sjá munina sem voru skildir eftir þarna niðri en finnskir verkamenn voru gabbadír til að samningsbinda sig við vinnu í námuni og sagan segir að þeir hafi verið svo fegnir þegar náman fór á hausinn að þeir yfirgáfu námuina og skildu við allt á sínum stað.

Þá fengum við leiðsögn um Hamra Þjóðgarðinn frá ungum og brjádönsjöllum grunnskólunemendum. Nemendur grunnskólans á svæðinu nota þjóðgarðinn sem námsvettvang og þau alast upp við það að yngstu nemendur fá leiðsögn frá hinum eldri og taka síðar við kefliinu. Þarna læra þau um náttúruna og um leið að leiðsögja og miðla

henni til gesta og gangandi. Ljusdalsbygðens safnið er mjög tengt grunnskólanum og deila m.a. húsnaði og í sumum tilfellum starfsfólki. Það var gaman að sjá hvernig safninu hefur tekist til að viðhalda þessari tengingu. Nemendurnir vinna sjálfir sýningar í safninu sem skólaverkefni, tekið er á móti nemendum á skapandi hátt og er leikgleðin í fyrirrumi. Við áttum eftirminnilegan dag þegar við fengum öll úthlutað nöfnun fólk sem var uppi upp úr aldamótum 1900, þegar sögufélagið var stofnað. Við eyddum deginum í að afla upplýsinga um fólknið í skjalagárd Bortom Åa, búgarðs sem er á heimsminjaskrá UNESCO. Helgi Sigurðsson aftan úr fortíðinni í kvöldverð þar sem við áttum að mæta í hlutverkum þeirra sem við höfðum fengið úthlutað. Úr varð vægast sagt eftirminnileg kvöldstund, þar sem fólk var misdjúpt sokkið í sín hlutverk og mikið var hlegið. Eftir heimsóknina stóð upp úr hvernig hægt er að gera leik úr byggingu torfhéttussins og

Tengslum haldið lifandi

Þá var komið að lokaheimsókninni til Íslands og allt kapp lagt á að kynna fyrir vinum okkar úr verkefninu íslenskan menningararf og það helsta sem við erum að fást við hér í Skagafirði. Hópurinn gisti á Löngumýri sem var hin fullkomna umgjörð fyrir fundinn og þar var dekstrað við þau alla daga. Þar sem við erum í verkefninu vegna Fornverkaskólans var mikill fókus á torfarfarni. Farið var í Tyrfringsstaði til að skoða endurbýggingu torfhúsanna þar sem hefur átt sér stað með námskeiðahaldi Fornverkaskólans. Helgi Sigurðsson réttu handtökin við að rista torf og þau fengu fræðslu um mismunandi gerðir torfhleðslu. Við heimsóttum Lýtingsstaði sem fyrirmyndarverkefni um fólk í ferðaþjónustu sem miðlar torfarfinum, sem og íslenska hestinum og fjárhundinum til gesta sinna. Evelyn Ýr Kuhne sagði þeim frá sögunni og hafa gaman.



Hópmynd með Pilsabyskonum við Glaumbæ. Hópurinn fékk einnig kynningu á því hvernig íslensk veðráttu getur verið sibreytileg.



Hópurinn heldur betur hress eftir að hafa brugðið sér í hlutverk og farið í matarboð upp úr aldamótum 1900.



Starfsfólk Byggðasafnsins og Fornverks ánægðir með blómkransana sína í Svíþjóð. Frá vinstri; Yifa, Berglind Helgi Sig. og Bryndís.



Hópmynd á Tyrfringsstöðum.



Margrét frá Ytri-Mællifellsá sýnir hvernig unnið er með hrosshár.



Hópurinn fékk að smakka hefðbundið íslenskt hrossgæti.

Sveinn Guðmundsson bauð upp á reiðsýningu til að sýna sérstöðu íslenska hestsins. Á meðan heilluðu fjárhundarnir Sómi og Hraundís gestina upp úr skónum. Viðimýrarkirkja og Glaumbær voru heimsótt en í Glaumbæ tóku glæsilegar konur í Pilsabyt á móti hópnum í baðstofunni. Þau fengu kynningu á íslenska þjóðbúningnum og skoðuðu sýninguna „Íslenskir þjóðbúningar og Pilsabytur“ í Áshúsi. Í Glaumbæ prófuðu þau einnig sýndarveruleikasýninguna „Torfbærinn: Heimili og vinnustaður“ og þótti mikið til koma. Mörg hver sáu möguleikana á sams konar stafrænni miðlun hjá sínum söfnum. Sigríður Sigurðardóttir hélt fyrirlestur um hefðbundna íslenska matarmenningu og var hópnum þá boðið upp á smakk eins og sviðasultu, harðfisk, taðreykt hangikjöt og kæstan hákarl við misgóðar undirtektir. Þá kom Margrét Ingvarsdóttir frá Ytri-Mællifellsá og kenndi hópnum að spinna úr hrosshári og þau fengu einnig kynningu á sundmenningu Íslendinga með því að heimsækja Sundlaugina á Hofsósi. Þá var ómissandi að fara með hópinn heim að Hólum, Nýibær var skoðaður, þau fengu leiðsögn um Hóladómkirkju og litnið var inn á sýningarnar hjá Sögusetri íslenska hestsins. Sömu leiðis heimsótti hópurinn sögu- og listasýninguna í Kakalaskála. Það er óhætt að segja að þátttakendur OWHL verkefnisins hafi komið víða við meðan á verkefninu stóð. Fjöldmörg málefni tengd varðveislu á áþreifanlegum og óáþreifanlegum menningarferli voru skeggrædd og hugmyndum um hvernig miðla megi menningarfinum til komandi kynslóða var deilt, t.d. með notkun stafrænnar tækni, námskeiðahaldi og ekki síst með því að tengja fólk saman. Til að mynda með því að bjóða til þátttöku og hlúa að þeim sem sýna menningarfinum áhuga í nærsamfélagi safnanna. Niðurstaða verkefnisins var einmitt að halda tengslunum lifandi með árlegum fundum, einnig að gefa út handbók þar sem lesa má um niðurstöður verkefnisins þar sem þátttakendur hafa tekið saman þau atriði sem standa upp úr og aðrir geta lært af, svokallaðar „Fyrirmyndar starfsvenjur“ (*e. best practices*). Handbókina má nálgast á heimasíðu verkefnisins nú á haustmánuðum